

**Mál nr. 436/2025**

**Nafn málskotsaðila (M)**

**Nafn varnaraðila (V)**

**Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.**

**Nafn vátryggingartaka (X)**

### Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

#### **Gögn.**

1. Málskot mótttekið 26. nóvember 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags 6. janúar 2026, ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 16. janúar 2026.

#### **Málsatvik.**

Í málskoti krefst M þess að viðurkennd verði greiðsluskylda V úr ábyrgðartryggingu X vegna afleiðinga slyss, sem hún varð fyrir í starfi 27. janúar 2024. Byggir M á því að hún hafði í umrætt sinn sótt matarbakka í herbergi vistmanns í húsnæði X. Á leiðinni til baka, á gangi sem lá að eldhúsi deildarinnar, hafi M stigið í bleytu á gólfinu með bakkann í fanginu. Við það hafi hún runnið og skallið á bakið. Í málskoti er á því byggt að síðar hafi komið í ljós að starfsmaður Y, sem sér um þrif fyrir X, sem hafði verið að þrifa glugga hafði skilið eftir sig bleytu á gólfi á ganginum. Þá hafi verið nýtt bón á gólfinu sem olli því að gólfíð hafi verið mjög hált þegar slysið varð. Upplýsir M að í kjölfar slyssins hafi hún farið heim úr vinnu vegna verkja í baki. Þá er einnig upplýst að M hafi verið óvinnufær frá slysdegi til 15. mars 2024. Vinnueftirliti ríkisins hafi verið tilkynnt um slysið 13. febrúar 2024 og Sjúkratryggingum Íslands 1. mars 2024.

M byggir á því að vinnuáðstæður í umrætt sinn hafi verið ófullnægjandi. Því til stuðnings vísar hún m.a. í 13. gr., 37. gr. og 42. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og 2. mgr. 3. gr., 2. mgr. 16. gr. og 1. mgr. 39. gr. reglna nr. 581/1995, um húsnæði vinnustaða. Telur M að X hafi brotið gegn framangreindum reglum er slysið varð. Hún hafi gengið með bakkann í fanginu og því séð illa niður fyrir sig. Þá sé ljóst að starfsmaður Y hafi skilið eftir bleytu á gólfinu er hann var að þrifa glugga á vinnustaðnum. Starfsmenn X hafi hins vegar ekki gripið til neinna ráðstafana til þess að hreinsa gólfíð eða vara við bleytunni, sem M telur þó að hefði átt að vera auðvelt. Bendir M sérstaklega á að þær röksemdir að starfsmönnum X hafi verið tilkynnt um að starfsmenn Y yrðu á staðnum við þrif á gluggum geti eitt og sér ekki leitt til þess að M hafi mátt ætla að bleyta yrði á gólfi vinnustaðarins. M vísar einnig í Hrd. í máli nr. 154/2000 máli sínu til stuðnings. Til viðbótar byggir M á að verkstjórn af hálfu X hafi verið óforsvaranleg í umrætt sinn. Vísast í 21. og 23. gr. framangreindra laga nr. 46/1980 því til stuðnings. Þessu til viðbótar byggir M á því að ekki hafi verið réttilega staðið að því af hálfu X að tilkynna slysið til Vinnueftirlitsins, enda hafi það ekki verið gert fyrr en 13. febrúar 2024. Vinnueftirliti hafi því ekki farið á vettvang eftir að tilkynning barst og því hafi engin rannsókn farið fram. Telur M með vísan í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 að framangreint eigi að leiða til þess að X beri hallann af skorti á sönnun um þau atriði sem kunna að teljast óljós í tengslum við slysið. Í þessu sambandi bendir M á að í höfnunarbréfi V sé á því byggt að M hafi fyrst nokkrum dögum eftir slysið upplýst X um það. M telur þetta ekki rétt enda hafi hún látið yfirmann á vaktinni vita af því á slysdegi að hún gæti ekki haldið vaktinni áfram og þyrfti að fara heim. Er í málskoti tekið fram að í þessu sambandi þurfi einnig að taka mið af því að M sé af erlendu bergi brotin og íslenska ekki hennar móðurmál. X verði því að bera halla af því ef einhver misskilningur hafi átt sér stað í samskiptum M og yfirmanns. M telur því með vísan í framangreint að hún eigi skaðabótakröfu á hendur X vegna afleiðinga slyssins.

Í athugasemdum V, dags. 6. janúar 2026, er skaðabótaábyrgð X hafnað. Þá er bent á eftirfarandi varðandi atvik máls. Í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands sem hafi verið undirrituð af M og X sé slysinu lýst þannig: „Var smá bleyta á gólfi. Viðkomandi stígur í hana, rennur og fellur á bakið.“ Í tilkynningu til Vinnueftirlitsins sé atvikinu lýst svo: „Það var smá vatn á gólfi á gangi deildar. Viðkomandi var að ganga þar um, steig í bleytuna, rann og féll á bakið.“ Þá sé eftirfarandi lýsingu að finna í málskoti: „Atvik máls eru þau að hún hafi sótt matarbakka í herbergi vistmanns, vistmaður hafði hringt bjöllu þar sem hann vildi losna við bakkann. Á leiðinni til baka, á gangi sem lá að eldhúsi deildarinnar steig málskotsaðili með bakkann í fanginu, í bleytu á gólfinu, rann og skall á bakið.“ Að

lokum er á það bent að í pósti M til yfirmanns síns, dags. 5. febrúar 2024 segi: „Þann tuttugasta og sjöunda janúar lenti ég í vinnuslysi. Ég var að vinna á [...] og það var hellt vatn á ganginn og ég rann til og datt á gólfíð.“ V hafnar því að vinnuáðstæður hafi verið ófullnægjandi. Hvað varðar meint brot á skyldu til að tilkynna slysið til Vinnueftirlitsins er bent á að samkvæmt tilkynningu til Sjúkratrygginga hafi slysið orðið kl. 11:20 þann 27. janúar 2024. Samkvæmt upplýsingum frá X hafi M tilkynnt um veikindi þann dag til hjúkrunarfræðings og sé skráð í kerfi X að M hafi farið úr vinnu á hádegi. Hins vegar hafi yfirmaður M fyrst fengið að vita af slysinu með tölvupósti frá M þann 5. febrúar 2024. Þar hafi þó ekki komið fram slysið hafi mátt rekja til bleytu sem stafaði frá því að starfsmenn Y hafi verið að þrifa, heldur hafi einungis verið tekið fram að vatn hafi verið á ganginum. Telur V með vísan til þessa að X hafi ekki vanrækt tilkynningaskyldu sína skv. 79. gr. laga nr. 46/1980. Því séu ekki forsendur til þess að láta X bera halla af skorti á sönnun um atvik máls, ef einhver eru, heldur gildi meginreglan um að það sé M að sanna tjón sitt og málsatvik. Þá bendir V á að jafnvel þó Vinnueftirlitið hefði komið á staðinn nokkrum dögum eftir slysið hefði sú heimsókn litlu skilað þar sem þá var búið að þurrka upp bleytuna. Þá áréttar V að í tilkynningu til Sjúkratrygginga komi fram að um smá bleytu hafi verið að ræða. Einnig hafi X upplýst að enginn starfsmaður á vaktinni með M hafi tekið eftir umræddri bleytu fyrir slysið eða vitað af henni. Þá hafi engin vitni verið að aðdraganda slysisins. Það hafi síðan ekki verið fyrir en nokkrum dögum seinna sem yfirmaður M hafi verið upplýstur um slysið. V telur því að X hafi ekki vanrækt að hreinsa gólfíð eða vara við bleytunni enda hafi engin vitneskja legið fyrir um hana áður en slysið varð. Þá bendir V jafnframt á að M hafi í umrætt sinn verið á leið til baka frá vistmanni. Hún hafi því mögulega átt að vera búin að sjá bleytuna á gólfinu. Að lokum bendir V á að þær upplýsingar að bleytan hafi stafað frá starfsmanni Y hafi fyrst komi fram í bréfi lögmanns M, dags. 9. september 2024. Þá hafi X upplýst starfsmenn sína um það áður en slys M átti sér stað að gluggapríf myndu standa yfir helgina 27. til 28. janúar 2024. V telur með vísan í framangreint að X beri ekki skaðabótaábyrgð á slysi M. Ekki sé ljóst hvaðan eða hvernig umrædd bleyta barst. Þá hafi einnig verið um að ræða litla bleytu sem enginn starfsmaður X hafi haft vitneskju um áður en slysið gerðist. Þá sé ekkert í gögnum málsins sem bendi til þess að X hafi sýnt af sér sök í aðdraganda slyssins.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 16. janúar 2026, eru fyrri rök ítrekuð og veitt andsvör við framangreindum röksemdum V. Er sérstaklega tekið fram að M hafi tilkynnt sínum næsta yfirmanni á vakt á slysdegi að hún hafi runnið í bleytu og þyrfti þess vegna að fara heim. Það hafi verið á ábyrgð þess yfirmanns að láta vita af slysinu þannig að það yrði tilkynnt til Vinnueftirlitsins. Þá eru einnig færð rök fyrir því að það hafi staðið X næst að draga úr hálfu á vinnustað. Að lokum færir M fyrir því rök að það að starfsmenn hafi verið upplýstir um þrif starfsmanna Y geti ekki leitt til þess að þeir hafi haft ástæðu til að ætla að bleyta yrði á gólfum.

### Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á líkamstjóni M. Mögulegur bótaréttur byggir á því að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli annað hvort sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á. Í tilvikum vinnuslysa getur þó sú tilkynningarskylda sem hvílir á vinnuveitanda eftir atvikum haft áhrif á það hvaða atvikalýsingu ber að leggja til grundvallar við mat á því hvort um saknæma háttsemi hafi verið að ræða.

Í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum segir eftirfarandi: „Atvinnurekandi skal án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings.“ Nefndin telur að M hafi ekki tekist að sýna fram á það í málinu að hún hafi tilkynnt X um slysið fyrir en með tölvupósti 5. febrúar 2024, þ.e. um 9 dögum eftir slysdag. Því feli sú ákvörðun X að tilkynna ekki slysið til Vinnueftirlits fyrir en 13. febrúar sama ár, ekki í sér brot á 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980. Eins og málið liggur fyrir nefndinni verður X því ekki látin bera halla af skorti á sönnun um atvik máls heldur gjalda um það almennar sönnunareglur skaðabótaréttar. Nefndin telur óupplýst í málinu hvað orsakaði það að bleyta kann að hafa verið á gólfinu í umrætt sinn. Þá telur nefndin einnig ósannað að öðrum starfsmönnum X hafi verið kunnugt um bleytuna og því haft ástæðu til að þurrka hana upp áður en M slasaðist. Nefndin telur framangreint leiða til þess að M hafi ekki tekist að sanna að slysið verði rakið til atvika sem X beri skaðabótaábyrgð á.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 11. febrúar 2026.  
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir